



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 05.3 2018
Tilvísun: 201802-0058

Efni: Mál nr. 134 Frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna)

Vísað er til fyrri umsagnar og er afstaða ASÍ óbreytt.

Almennir kjarasamningar gera ráð fyrir dagvinnu virka daga vikunnar frá mánudegi til föstudags. Fyrir vinnu utan dagvinnutímabils á virkum dögum, á laugardögum, sunnudögum og á samningsbundnum frídögum greiðist ýmist almennt yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) eða sérstakt stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum). Ef samningsbundnir frídagar eru ekki unnir og falli þeir á virka daga eru þeir greiddir án vinnuframlags með dagvinnulaunum.

Samningsbundnir frídagar eru í tveimur flokkum:

Stórhátíðadagar þar sem greitt er stórhátíðarálag (1,375% af mánaðarlaunum) séu þeir unnir, teljast vera:

Nýársdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Föstudagurinn langi (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Páskadagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Hvítasunnudagur, (l. 32/1997 og l. 88/1971)
17. júní (l. 88/1971)
Aðfangadagur eftir kl. 12:00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)
Jóladagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Gamlársdagur eftir kl. 12:00 (l. 32/1997 frá kl. 18, l. 88/1971 frá kl. 13)

Aðrir frídagar þar sem greitt er yfirvinnuálag (1,0385% af mánaðarlaunum) teljast vera auk laugardaga og sunnudaga:

Skírdagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Annar í páskum (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Uppstigningardagur (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Sumardagurinn fyrsti (l. 88/1971)
1. maí (l. 88/1971)
Annar í hvítasunnu (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Annar í jólum (l. 32/1997 og l. 88/1971)
Fyrsti mánudagur í ágúst (l. 88/1971)

Dagar þeir sem lög nr. 32/1997 telja upp eru skv. framansögðu ýmist launaðir með venjulegu yfirvinnuálagi eða stórhátíðarálagi.



Samkvæmt því frumvarpi sem til umsagnar er, skulu allir helgidagar sem taldir eru upp í lögum um 32/1997 um helgidagafrið, taldir eftirleiðis upp í lögum nr. 88/1971 auk þess sem 2.mgr. 6.gr. þeirra laga heldur sér en hún gerir fyrsta mánudag í ágúst að frídegi. Ekki er gert ráð fyrir því að breyta heimildum aðila vinnumarkaðar til þess að semja um frávik frá lögum 88/1971.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að brottfall laga nr. 32/1997 muni hafa áhrif á kjarasamninga en æskilegt væri til þess að taka allan vafa af í því efni, að láta koma fram í greinargerð með lögunum, að þeim sé ekki ætlað að hafa nein áhrif á ákvæði kjarasamninga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl', is centered on the page.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2018


Efni: Vegna frumvarps til laga um helgidagafrið, 134. mál.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi BHM til umsagnar frumvarp til laga um helgidagafrið, 134. mál en þar er lagt til að lög um helgidagafrið, nr. 32/1997, falli brott.

Tilgangur laga um helgidagafrið er að vernda helgihald og til að tryggja frið, næði, hvíld og afþreyingu almennings á helgidögum þjóðkirkjunnar innan þeirra marka er greinir í lögnum. Helgidagarnir eru taldir upp í lögnum. Í frumvarpinu er jafnframt mælt fyrir um að við gildistöku laga þessara verður eftirfarandi breyting á lögum um 40 stunda vinnuviku, nr. 88/1971. Flutningsmenn leggja til orðalagsbreytingar á lögum um 40 stunda vinnuviku til að tryggja rétt til frídaga enn frekar þannig að í stað þess að helgidagar þjóðkirkjunnar séu skilgreindir sem frídagar verði umræddir dagar taldir upp í ákvæðinu sem lögbundnir frídagar.

BHM telur rétt að farið verði betur yfir hvaða afleiðingar brottfall laga um helgidagafrið myndi hafa í för með sér fyrir allt launafólk í landinu en lög um 40 stunda vinnuviku nær ekki til allra launþega í landinu, sbr. a-d liðir 1. gr. laganna. BHM er tilbúið til að skoða heildarmyndina og eiga samtal um þessi mál en telur ekki tímabært að samþykkja frumvarpið.

F.h. BHM



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM



Nefndasvið Alþingis, nefndasvid@althingi.is

Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um helgidagafrið

Þingskjal: 206 - 134. mál

Sendandi: Biskupsstofa

Dagsetning: 21. 3. 2018

Biskupsstofa beinir því til Alþingis að falla ekki frá löggjöf um almannafrið á helgidögum kristninnar.

Helgidagalöggjöfin er frá árinu 1997 og er markmið hennar „að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum“. Löggjöfin byggir á virðingu við þau gildi sem saga og inntak tiltekinna daga fela í sér og sameina þjóðina í sið sem krossinn í þjóðfánanum og þjóðsöngurinn vitna um. Þjóð er mikilvægt að eiga hátíðisdaga og rækta helgi og frið um þá, auk þess að vera stoð mannréttinda á kristnum grunni.

Bæði kirkjuþing og Prestafélag Íslands höfðu áður ályktað um málið, er það var til umfjöllunar 145. löggjafarþings, og fylgir sú ályktun umsögn þessari.

Sjálfsgætt er að huga að endurskoðun á orðalagi laganna til að ná enn frekar því markmiði þeirra að tryggja fólki frið, ró og næði á tilteknum hátíðisdögum kristninnar.

Virðingarfyllst, f.h. biskups Íslands,

Þorvaldur Víðisson, biskupsritari.

Kirkjuþing 2015
22. mál - þskj. 65

Þingsályktun
um lög um helgidagafrið

Kirkjuþing tekur undir þá ályktun aðalfundar Prestafélags Íslands frá 12. apríl 2016 að lögum nr. 32/1997 um helgidagafrið verði viðhaldið. Kirkjuþing beinir því til Alþingis að endurskoða heildarlöggjöfina en tryggja um leið að markmið hennar haldi gildi sínu.

AlþingiNefnd Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. febrúar 2018

Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til laga um helgidagafrið, 148. löggjafarþing 2017 - 2018. Þingskjal nr. 206. - 134. mál.**Álit Siðmenntar:**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að samþykkja lagafrumvarpið um brottfall laga um helgidagafrið.

Rökstuðningur:

Siðmennt tekur undir megin röksemd flutningsmanna sem er:

Flutningsmenn sjá ekki ástæðu til að takmarka frelsi fólks með lögum þannig að það varði sektum að standa að t.d. bingó, happdrætti, dansleikjum eða öðrum samkomum á helgidögum þjóðkirkjunnar. Frítökuréttur og hvíldartími er tryggður í kjarasamningum en til að réttur launafólks til frídaga eigi styrka lagastoð er lögð til orðalagsbreyting á 6. gr. laga um 40 stunda vinnuviku þannig að staðinn fyrir að þess sé getið að helgidagar þjóðkirkjunnar séu frídagar verði umræddir dagar taldir upp í ákvæðinu sem lögbundnir frídagar.

Þau tvö atriði sem þarna koma fram eru megin atriðin í málinu: 1. Takmörkun á frelsi fólks vegna helgidaga þjóðkirkjunnar og 2. Að tryggður sé frítökuréttur og hvíldartími í samningum stéttarféлага við vinnuveitendur.

Núverandi lög eru barns síns tíma þegar samfélagið var mjög einsleitt en eru afar úrelt með hliðsjón af samfélaginu eins og það er í dag sem er fjölmenningarlegt

svo ekki sé nú talað um ferðamenn sem hafa þurft að vafra um þá daga sem allt er harðlæst

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um helgidagafrið (brottfall laganna). 134. mál, 148. löggjafarþings 2017–2018, þingskjal 206.

Formáli.

Að mati umsagnaraðila, sem er fyrrv. lyfsali, með mikla reynslu af verslun, er frumvarp þetta alvarleg aðför gegn rétti verslunarmanna til þess að njóta almennra frídaga. Á stúdentsárum starfaði umsagnaraðili við eldsneytis- og timbursölu en eftir nám hefur umsagnaraðili starfað í þrjú ár sem apótekari í Þýskalandi, þar af tímabundið sem yfirlyfjafræðingur í stóru hollensku þjónustuapóteki, sem lyfjafræðingur í finnsku apóteki og í tæplega fimm ár við lyfsölu hér á Íslandi, þ.m.t. sem lyfsöluleyfshafi.

Greinagerð.

Við fyrstu sýn virðist frumvarp þetta, þ.e. aðförin að helgidagafriðnum, snúast um hvort menn megi spila bingó eða drekka sig fulla á krám á föstudaginn langa. Í það minnsta eins og flutningsmenn reyna að selja málið. En málið er flóknara. Á þessum örfáu helgidögum er nefnilega almennur verslunarrekstur bannaður. Þetta eru þeir dagar sem verslunarfólk getur gengið að því vísu að það geti átt með fjölskyldu sinni. Mjög margt verslunarfólk vinnur á vöktum og er ekki alltaf í þeirri stöðu að geta hitt fjölskyldu sína eins oft og aðrir launamenn. Reyndar komu ákveðnir flutningsmenn frumvarpsins inn á þetta þegar þeir sögðu nauðsynlegt að afnema helgidagana vegna þess að hingað koma ferðamenn. Sem þurfa auðvitað að geta keypt sér mat og fatnað við hátíðarhald jóladags.

Flutningsmönnum frumvarpsins, og öðrum, til fróðleiks má nefna að til Þýskalands koma nokkru fleiri ferðamenn en hingað. Þar er þó, rétt eins og héraendis, verslunarbann á helgidögum. Ekki bara það heldur eru sunnudagar taldir til helgidaga og því verslanir lokaðar. Rétt eins og hér eru þó undanþágur frá helgidagafriði. Héraendar undanþágur, sem eru tilgreindar í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga um helgidagafrið, eru: „*Gististarfsemi og tengd þjónusta, starfsemi lyfjabúða, bensínstöðva, bifreiðastöðva, verslana á flugvöllum og friðhafnarsvæðum, blómaverslana, söluturna og myndbandaleigna, svo og starfsemi matvöruverslana með verslunarrými undir 600 fermetrum þar sem a.m.k. 2/3 hluti veltunnar er sala á matvælum, drykkjarvöru og tóbaki.*“ Það er því hægt að segja það með fullri vissu að enginn ferðamaður sveltir eins og sumir flutningsmenn frumvarpsins hafa opinberlega dylgjað um.

Niðurstaða og tillögur

Nær allir vilja fjölskylduvænt samfélag, mannúðlegt samfélag þar sem menn geta átt góðar stundir með fjölskyldunni. Í raun ætti frekar að skerpa lögin um helgidagana. Stefna á að gera hvíldardaginn að fjölskyldudegi, eins og tíðkast í Þýskalandi. Augljóst er að verkalýðsfélögin hafa algjörlega klúðrað þeim málum. Það sést bersýnilega á því að verslunarmaðurinn er sá eini sem vinnur á sjálfum frídegi verslunarmanna og verslanir nær það eina sem er opið á þessum frídegi sem þó er kenndur við

verslunarmenn. Frelsið sem flutningsmenn telja sig boða með þessu máli er ekkert annað en aukið boðvald verslunareigandans yfir launþeganum, fjölskyldulífi til feigðar. Þeir þekkja það flestir sem unnið hafa í verslunum að þeir hafa takmarkaðan samningsrétt þegar kemur að vinnutíma sínum.

Lagt er til að frumvarp þetta, um afnám laga um helgidagafrið, sé dregið til baka, sett í pappírstætara og að í kjölfarið gangi flutningsmenn skömmustulegir með veggjum út árið.

Viðar Guðjohnsen

lyfjafræðingur og fyrrv. lyfsali

Sími: 692-7867

Tölvupóstfang: vidar.gudjohnsen@gmail.com